

15.12.2017

Um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til umsagnar sinnar frá 4. október sl.

Bestu kveðjur,  
Ellen

**Ellen H. Haraldsdóttir**  
Seðlabanki Íslands / Central Bank of Iceland  
Skrifstofa bankastjóra / Governor's Office



4. október 2016  
1610006

Nefndarsvið Alþingis  
[nefndasvið.althingi.is](http://nefndasvið.althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

Í tölvupósti sem barst Seðlabanka Íslands í gær (hinn 3. október) var þess farið á leit að Seðlabankinn veitti umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lögum um [Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins](#) (breyting á A-deild sjóðsins), 873. mál. Einnig barst bankanum tölvupóstur frá nefndarritara fjármálanefndar þar sem tveimur spurningum er beint til bankans, í fyrsta lagi hvort bankinn hafi lagt mat á efnahagsleg/peningaleg áhrif þess að ríkissjóður greiði eingreiðslu að fjárhæð um 120 milljarðar kr. í heild til LSR og til Brúar. lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, og í öðru lagi hvort bankinn hafi lagt sérstakt mat á fjármagnshreyfingar í tengslum við þessar aðgerðir og hvort hann telji vera þörf á slíku mati.

Í ljósi hins nauma frests sem Seðlabankanum var veittur til að veita umsögn getur bankinn ekki tekið afstöðu til fjölmargra atriða sem fram koma í frumvarpinu. Seðlabankinn tekur hins vegar undir að það hafi almennt jákvæð efnahagsleg áhrif að jafna lífeyrisréttindi á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, enda eykur það sveigjanleika á vinnumarkaði. Einnig er hækkun lífeyrisaldurs nauðsynleg samfara auknum lífslíkum.

Samkvæmt frumvarpinu skal ríkissjóður „eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91.279 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“

Rétt er að hafa tvennt í huga þegar lagt er mat á efnahagsleg áhrif eingreiðslunnar:

- Til þess að draga úr hættu á óæskilegum áhrifum á fjármagnshreyfingar um þær mundir sem losun fjármagnshafta stendur yfir væri æskilegra að greiðslan ætti sér stað í formi afhendingar vaxtaberandi eigna fremur en með greiðslu á reiðufé. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að til greina komi að framselja hluta af endurlánum ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskar námsmanna (LÍN), en útistandandi staða þeirra nemi 95 ma.kr. Ekki liggur fyrir ákvörðun um tilhögun greiðslunnar og því getur Seðlabankinn ekki lagt mat á áhrifin á þessu stigi.
- Sé ætlunin að nýta að nokkru leyti stöðugleikaframlög sem hluta eingreiðslunnar er rétt að minna á að í fjárlagafrumvarpi 2016 er fjallað um ráðstöfun stöðugleikaframlags. Þar kemur skýrt fram að stöðugleikaframlag verði fyrst nýtt til að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann og að vaxtagjaldaætlun fjárlagafrumvarpsins taki mið af því. Forsenda þess að Seðlabankinn geti mælt með ráðstöfun stöðugleikaframlags með þessum hætti er að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hafi verið greidd enda liggur þegar fyrir að sú aðgerð hefur ekki áhrif á peningamagn né raskar fjármálalegum skilyrðum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 • 101 REYKJAVÍK


SMÍÐ 200 0000 • NEFNDASVIÐ • [nefndasvið.althingi.is](http://nefndasvið.althingi.is) • SEÐLABANKI • IS • BRÉKAHEMI 240 0000


## SEÐLABANKI ÍSLANDS

Þá ber einnig að líta til áhrifa á langtímaáætlun í ríkisfjármálum og væntingar markaðsaðila um lækkun skulda ríkissjóðs sem birtar hafa verið opinberlega. Áhrif ráðstöfunar stöðugleikaframlags til LSR ræðst hins vegar af formi hennar eins og áður segir sem hefur áhrif á í hve ríkum mæli hún hefur áhrif á peningaleg skilyrði eða gengi krónunnar í gegnum erlendar fjárfestingar sjóðsins. Seðlabankinn hefur skoðað þetta mál með almennum hætti og telur að slík ráðstöfun komi til greina ef við útfærsluna sé gætt að ofangreindu. Nákvæmt mat hefur hins vegar ekki farið fram og getur ekki átt sér stað nema að útfærslan liggi fyrir.

Sem fyrr segir hefur Seðlabankinn ekki haft svigrúm til þess að leggja heildstætt mat á umrætt frumvarp til laga, en vonar að þessi knappa umsögn svari þeim spurningum sem sérstaklega hefur verið beint að bankanum. Bankinn áskilur sér rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Sigvátsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

  
Jón Þ. Sigurgeirsson  
framkvæmdastjóri